

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 473/1989. **Sæplast hf.**

(Erla Svanhvít Árnadóttir hdl.)

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Tækniplasts hf.

(Baldvin Hafsteinsson hdl.)

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Aðildarhæfi. Meðdómendur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. nóvember sama ár. Hann gerir eftirfarandi dómkröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt frá og með þinghaldi 17. maí 1989 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, og til þrautavara, að áfrýjandi verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 848.650 krónur með vöxtum frá 1. ágúst 1984 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Mál þetta var þingfest í héraði 15. desember 1987. Meðan gagnaöflun í málinu stóð yfir, var bú Tækniplasts hf. tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 15. desember 1988. Þegar svo var komið, átti þrotabúi Tækniplasts hf. að taka við aðild málsins, sbr. 3. mgr. 53. gr. þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 28/1981. Af því varð ekki, og við uppsögu

héraðsdóms, hálfu ári eftir að Tækniplast hf. hafði verið úrskurðað gjaldþrota, var félagið enn formlegur aðili að málinu, og lögmaður þess annaðist áfram rekstur málsins án umboðs frá þrotabúinu.

Vegna þessara annmarka á málsmeðferð í héraði ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi 11. janúar 1989, er fyrst var þingað í málinu eftir gjaldþrotaúrskurð, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Eins og atvikum er háttað samkvæmt framansögðu, eru ekki efni til að dæma málskostnað fyrir Hæstarétti.

II.

Það athugast, að við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að með stefnu, birtri 26. september 1991, höfðaði þrotabú Tækniplasts hf. mál á bæjarþingi Hafnarfjarðar gegn Sæplasti hf. til greiðslu á tæknigjaldi fyrir tímabilið frá 1. janúar 1987 til 30. júní 1989, að fjárhæð 9.439.550 krónur. Er þar um að ræða sams konar gjald og um er deilt í þessu máli og byggt á sama samningsákvæði. Auk kröfufjárhæðar skilur það eitt á milli, að tímabilið, sem gjaldið miðast við, er í þessu máli frá 3. mars 1984 til 31. desember 1986, svo sem reifað er í hinum áfrýjaða dómi. Jafnframt kom fram, að yngra málið hvílir, meðan beðið er dóms Hæstaréttar í þessu máli. Þar sem málsatvik, forsendur að kröfugerð og ágreiningsefni eru eins í báðum þessum málum og þau álitafni samofin, sem skera þarf úr, virðist óhjákvæmilegt, að sakarefni þessi verði sameinuð í eitt mál í héraði.

III.

Ágreiningsefni máls þessa er þannig vaxið, að sérkunnáttu um það var þörf við meðferð málsins í héraði. Héraðsdómara var því rétt að kveðja til sérfróða meðdómendur á því sviði, sbr. 1. mgr. 37. gr. A þágildandi laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Það gerði héraðsdómari ekki, en kvaddi í þess stað sér til fulltingis tvo héraðsdómara, þótt ekki væru efni til þess samkvæmt 2. mgr. nefndrar lagagreinar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá og með 11. janúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
